

**Ed.**

## **67. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

8. grein laganna orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að ríkissjóður greiði, ef nauðsyn krefur, það, sem á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr. Þó skal aldrei krefja ríkissjóð um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrir en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti, sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ríkissjóður innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

### **Greinargerð.**

Hér er farið fram á, að lögnum um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla verði breytt í líkara horf og áður var, að því er snerti berklasjúklinga, þ. e. að ríkissjóður beri allan kostnað af frambærslu sjúklinganna, að svo miklu leyti sem þeir eru ekki færir um það sjálfir.

Frá tvennu sjónarmiði verður þessi breyting að teljast nauðsynleg. Í fyrsta lagi að því er snertir sjúklingana sjálfa. Það eru dæmi til, að berklasjúklingar hafa neitað að fara á hæli vegna ákvæðisins um, að frambærslusveit beri að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta kostnaðar; svo þungt fellur mörgum sjúklingum að þurfa að þiggja af sveit sinni, jafnvel þó lögin mæli svo fyrir, að þessi kostnaðarhluti skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Í öðru lagi að því er snertir bæjar- og sveitarfélögin. Fyrir fátæk sveitarfélög er þessi umræddi kostnaður oft þungur baggi. Nú virðast allir þingflokkar vera sammála um, að ráðstafanir þurfi að gera til að bjarga við fjárhag fátækra bæjar- og sveitarfélaga. Þegar á það er litið, ætti að geta orðið samkomulag um það, að nauðsyn beri til að létta af bæjar- og sveitarfélögum þeim útgjaldaauka, sem felst í lögnum um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla.